

Handbók

Rekstur vallarsjoppu og Símamótssjoppu (yngra ár í 4.flokki kk og kvk)

Efnisyfirlit

Inngangur til umsjónarmanna/foreldra.....	2
Samskiptamáti og gögn:.....	3
Hlutverk sjoppu:	3
Sjoppunefnd:.....	3
Reglur varðandi þátttöku í sjoppuvöktum:	4
Úthlutun vakta:.....	4
Punktakerfi fyrir vinnuframlag:.....	5
Mönnun vakta og fleira:.....	5
Leikir hjá meistaraflokki karla (13-14 leikir Íslandsmót, 1-5 Bikarleikir, Evrópukeppni):	5
Leikir hjá meistaraflokki kvenna (11-12 leikir Íslandsmót, 1-4 Bikarleikir, Evrópukeppni):	5
Aðrir leikir:	5
Síamót um miðjan júlí hvert ár (fimmtudagskvöld-sunnudagseftirmiðdags):.....	6
17. júní:	6
Skipulag sjoppa:	7
Uppgjör vallarsjoppu/Síamóts/Janúarmóts:	7
Viðskipti milli deilda innan Breiðabliks	7
Ýmis eyðublöð:	8

Inngangur til umsjónarmanna/foreldra.

Knattspyrnudeild Breiðabliks úthlutar foreldrum barna, sem eru að hefja æfingar á yngra ári í 4.flokki, leyfi til að reka vallarsjoppu á Kópavogsvelli sem fjáröflun fyrir utanlandsferð sem farin er á eldra ári í 4. flokki. Reka má sjoppuna á öllum knattspyrnuleikjum sem þar eru leiknir – einnig þegar t.d. yngri landsleikir eru spilaðir þar eða úrslitaleikir í yngri flokkum.

Rekstur vallarsjoppu nær líka yfir sjoppu á Síamamóti, sjoppu á Janúarmóti . Fl. kk mögulega sölutjald á Rútstúni á 17. júní (sækja þarf um leyfi hjá framkvæmdastjóra Breiðabliks) og ef vilji er til að hafa sjoppu á undirbúningstímabili (janúar-maí) í Fífu þegar leiknir eru meistaraflokksleikir og von er á einhverjum áhorfendum. (Þegar halda á sjoppu á undirbúningstímabilinu í Fífunni er mikilvægt að gera það í samráði við starfsfólk Smárans/Fífunnar).

Rekstur sjoppunnar er alfarið í höndum sjoppunefndar sem kemur úr foreldrahópi yngra ári 4. flokks kk og kvk í upphafi ársins.

Í þessari handbók verður farið yfir praktísk atriði sem snúa að rekstri sjoppunnar til að auðvelda nýjum hópi að taka yfir reksturinn. Það er þó ekkert heilagt í þessu og ef fólk hefur betri nálgun á hlutina þá er það að sjálfsgöðu ekki bundið af skipulagi fyrri ára.

Einnig eru settar upp reglur varðandi punktagið fyrir vaktir og sjoppunefnd. Það er þó mikilvægt að gera sér grein fyrir því að aðkoma nefndarmanna er að stórum hluta í sjálfböðavinnu.

Ágætt er að miða við það að sjoppurekstur yngra árs hefjist að loknu 5. flokks mótinu í janúar hvert ár. Þá er passlegur tími til undirbúnings fyrir vorið.

4.flokkur yngra ár fær þessa fjáröflun úthlutaða frá Knattspyrnudeild Breiðabliks og fær m.a. afnot af aðstöðu hjá Breiðabliki. Fyrir þessa fjáröflun og aðstöðu greiðist 25% af ágóða sjoppu til knattspyrnudeildar.

- Allur rekstur vallarsjoppunnar fer í gegnum bókhald knattspyrnudeildar.
- Allar pantaðar vörur fara því á kennitölu deildarinnar (kt. 410284-1389) og er staðið skil á inn- og útskatt (þarf því að gera ráð fyrir vsk skilum af söluverði vöru, 11% vsk af mat- og drykkjarvöru og 24% af öðrum vörum).
- Pantanir á vörum eru gerðar í samstarfi við deildarstjóra barna- og ungingastarfs knattspyrnudeildar þar sem gæta þarf að því hvaða samningar eru í gangi hjá birgjum félagsins.

Rekstur sjoppunnar á undanförunum árum hefur verið góð fjáröflun og það er alls ekki sjálfsagt að félög setji slíka fjáröflun í hendur á foreldrum barna í yngri flokkum þar sem þetta getur verið góð tekjulind fyrir félögin. Það er því mikilvægt að standa vel að þessu og í góðri samvinnu við knattspyrnudeildina þannig að þetta haldi áfram á komandi árum.

Samskiptamáti og gögn:

Sjoppunefndin hefur aðgang að g-maili sem tilheyrir sjoppunni (blikasjoppa@gmail.com) og þar fara fram öll samskipti vegna sjoppunnar. Drif sem fylgir g-mailinu heldur síðan utanum öll skjöl vegna sjoppunnar. Einnig er gott að búa til tvær Facebook síður – eina fyrir sjoppunefndina og aðra fyrir alla þátttakendur í sjoppuvinnunni.

Mjög mikilvægt er að halda vel utan um allar skráningar á vaktir og mætingar því að fólk fær greitt miðað við vinnuframlag.

Skrifstofa Breiðabliks sér um að færa bókhald fyrir sjoppu, annast virðisaukaskatt uppgjör og sér um greiðslu reikninga. Pantanir á vörum eru gerðar í samstarfi við skrifstofu Breiðabliks þar sem gæta þarf að því hvaða samningar eru í gangi hjá birgjum félagsins.

Hlutverk sjoppu:

Hér að neðan koma fram helstu hlutverk þeirra sem vinna á sjoppuvakt hverju sinni:

Vallarsjoppa	Símamót/Janúarmót	17.júní
Miðasala fyrir Breiðablik	Rekstur sjoppa á svæðinu	Rekstur sjopputjalds
Gæsla í hliði	Tæma ruslafötur á öllu svæðinu	
Rekstur sjoppunnar	Setja upp sölutjöld og bása	
Þrif á stúku(m) eftir leiki	Sjá ítarlegri lista sem viðauka	
Sjúkrabörur á leik		
Sjá ítarlegri lista fyrir vaktstjóra		

Breiðablik áskilur sér rétt til að fá inn aðra veitingasölu (matarvagnar) á leikdögum.

Sjoppunefnd:

Þegar búið er að kjósa umsjónarmenn að hausti úr hópi foreldra á yngri ári í 4.fl. þarf að fara að huga undirbúningi sjoppunefndar. Umsjónarmenn eru ekki sjálfkrafa í sjoppunefnd og þurfa ekki að vera það en mikilvægt að þeir komi að því að koma nefndinni á laggirnar.

Í sjoppunefnd þurfa að vera 7-11 manns.

Nefndinni þarf að skipta upp í þrjá hópa eftir verkaskiptingu og er mikilvægt að reyna að velja inn í hópana fólk með reynslu eftir verkaskiptingunni og fólk sem duglegt er til verka. Rekstur sjoppunnar er mikil vinna og þetta er sjálfboðastarf að miklu leyti.

Hóparnir eru eftirfarandi og helstu hlutverk þeirra:

- Fjármálahópur(2-3)
 - Sjá um að posar séu í lagi í hverjum leik.
 - Skiptimynt í leikjum.
 - Lyklar að sjoppu eru í afgreiðslu í Smára – muna að skila til baka.
 - Opna sjoppu fyrir hvern leik.
 - Uppgjör sjoppu eftir hvern leik (tveir aðilar).
 - Samskipti við bókkara Breiðabliks.
 - Lokauppgjör sumars (Símamót, 17. júní og Vallarsjoppa o.fl. viðburðir) og stefna að því að skila af sér drögum í nóvember og lokauppgjöri í febrúar/mars.
- Innkaupa- og birgðahópur (2-3)
 - Pantar inn (sjá um alltaf sé til nóg af öllu).

- Lagerhald.
- Verðlagning.
- Verðlistar.
- Hafa birgðanýtingu sem besta þ.e. lágmarka rýrnum sérstaklega varðandi hamborgara.
- Fá upplýsingar um hvar samningar Breiðabliks liggja við birgja og hvað má selja.
- Fá upplýsingar um hvort leikur sé í boði styrktaraðila og hvort boðið sé upp á fríar veitingar fyrir leik – hefur áhrif á birgðanýtingu.
- Vaktahópur (2)
 - Raðar á vaktir (hafa samband við fyrri vaktahóp og fá skipulag).
 - Raða vaktstjórum á vaktir (vaktstjórar koma úr sjoppunefndinni).
 - Minnir á vaktir með tölvupóstum/facebook síðu.
 - Mæta með mætingalista í upphafi leiks (má deila út til vaktstjóra).
 - Auglýsir og mannar aukavaktir.
 - Bregðast við ef forföll verða.
 - Skila vaktauppgjöri til fjármálahóps.
 - Fylgjast með breytingum á leikdögum/leiktímum.
 - Ef frítt er á leik þá þarf mögulega að bregðast við varðandi fjölda á vakt.
 - Vaktstjórar þarf að mæta á hverja vakt. Hlutverk vaktstjóra er að redda hinu og þessu á meðan á vakt stendur, skila öllu hreinu og snyrtilegu í lok vaktar. Ber ábyrgð á vaktinni og samskiptum við starfsfólk Breiðabliks, Blikaklúbbs og BUR eftir því sem við á.
- Önnur verkefni (einhver 1-2 úr ofangreindum hópum taka að sér)
 - Þrif á sjoppu (4-5 sinnum yfir sumarið).
 - Flöskur og dósir í endurvinnslu.

Þegar búið er að virkja sjoppunefnd þá þarf hún að funda með nefndinni frá árinu áður til að komast af stað með undirbúningsvinnu. Mikilvægt er að hver hópur setjist niður með samsvarandi hópi frá fyrra ári og fái praktískar upplýsingar afhentar. Ekki er verra ef fyrri hópur skilar af sér stuttri yfirlitsskýrslu.

Reglur varðandi þátttöku í sjoppuvöktum:

Þegar sjoppuvinna fer af stað þá sendir sjoppunefnd út póst til allra foreldra á yngra ári í 4.flokki kk. og kvk. til að kanna þátttöku foreldra og barna á sjoppuvöktum fyrir komandi sumar.

Þessi fjáröflun er einungis hugsuð fyrir þá sem ætla að fara í æfinga- og keppnisferð á vegum 4.flokks þegar krakkarnir eru komin á eldra ár í flokknum. Þetta þýðir að ef einhver hættir við að fara út og er búinn að safna einhverjum punktum fyrir þá vinnu sem hefur verið lögð fram fær sá einstaklingur það EKKI GREITT út heldur rennur sú upphæð óskipt til Barna- og Unglingaráðs í sérgreindan sjóð til að standa straum af stuðningsverkefnum. Mikilvægt að kynna þetta vel fyrir foreldrum.

Úthlutun vakta:

Gæta skal jafnræðis í úthlutun vakta. Reyna skal að koma til móts við fólk varðandi sumarfrí og hefja þarf vinnu við skipulag sumarvakta snemma vors.

Þegar verið er að úthluta aukavöktum skulu þær vera aðgengilegar öllum og þeir njóta forgangs sem fæstar vaktir hafa.

Punktakerfi fyrir vinnuframlag:

Í svona rekstri fær fólk punkta fyrir vinnuframlag.

Einn punktur = Ein vakt (3-4 klst.)

Á hverri vakt vinnur foreldri/forráðamaður (eldri en 18 ára) og barn sem ein heild og því reiknast vinnuframlag foreldris og barns sem ein vakt. **Hvorki foreldri né barn getur mætt eitt á vakt.**

Þar sem vinna sjoppunefndar er mikil í undirbúningi og utanumhaldi þá fær fólk í sjoppunefnd ákveðinn fjölda punkta fyrir vinnu sína utan úthlutaðra vakta þó að þetta sé sjálfboðavinna. Mikilvægt er að fólk átti sig á að það þarf að sinna sínum málaflokki vel ef maður býður sig fram. Hér að neðan er tillaga að punktaúthlutun fyrir sjoppunefnd vegna Vallarsjoppu og Síamóts.

- Almennur undirbúningur og rekstur **Vallarsjoppu** = 3 punktar til hvers og eins
 - (vaktahópur, fjármálahópur, innkaupahópur).
- Undirbúningur, rekstur, viðvera og frágangur **Síamótssjoppu** = 3 punktar til hvers og eins
 - (vaktahópur, fjármálahópur, innkaupahópur).

Mönnun vakta og fleira:

Á hverri vakt er gott að hafa einn úr fjármálahópi til að starta vaktinni þ.e. sjá um að posar séu á svæðinu og hlaðnir, skiptimynt, opna sjoppuna og fleira. Í lok vaktar koma tveir úr fjármálahópi og gera sjoppuna upp og læsa. Ekki er gert ráð fyrir viðveru alla vaktina og því eru ekki greiddir punktar fyrir þessa vinnu sérstaklega heldur telst það sem almennur undirbúningur og rekstur sjoppunnar.

Á hverri vakt þarf að vera vaktstjóri sem heldur utanum vaktina og stjórnar henni. Vaktstjórar koma úr sjoppunefndinni eða umsjónarmannahóp.

Mönnun vakta fer síðan eftir því álagi sem menn gera ráð fyrir hverju sinni. Skiptir þá máli hvort um er að ræða stórleiki hjá meistaraflokkunum eða ekki. Einnig skiptir tímasetning leikja máli – það fækkar t.d. á vellinum yfir mesta sumarleyfistímamann og leikir seinnipart á laugardegi eru verr sóttir en aðrir. Einnig geta leikir seint á hausti verið verr sóttir en aðrir en þetta er þó allaf háð gengi liðanna á hverjum tíma.

Mæting á vaktir er ca. 1 klst fyrir leik.

Hér að neðan er tillaga að fjölda á hverri vakt miðað við tegund leikja/viðburða. Á stærstu leikjunum eru stundum opnaðar tvær sjoppur í stúkunni – ein í hvorum enda.

Leikir hjá meistaraflokki karla (13-14 leikir Íslandsmót, 1-5 Bikarleikir, Evrópukeppni):

- Stórleikir: 12-15 krakkar + 12-15 foreldrar.
- Minni leikir: 8-10 krakkar + 8-10 foreldrar.

Leikir hjá meistaraflokki kvenna (11-12 leikir Íslandsmót, 1-4 Bikarleikir, Evrópukeppni):

- Stórleikir: 10 krakkar + 10 foreldrar.
- Minni leikir: 6 krakkar + 6 foreldrar.

Aðrir leikir:

Hlutverk hér fara eftir því hvað þarf að gera í hvert sinn þ.e. hvort um sé að ræða miðasölu, gæslu í hliði, hamborgarasölu – það sem alltaf þarf að gera er að hafa sjoppu opna og þrifa stúku.

- Úrslitaleikir yngri flokka – lágmark 4/hámark 8.
- Landsleikir yngri landsliða - lágmark 4/hámark 8.
- Lengjubikar kk og kvk í Fifunni að vori – lágmark 4/hámark 8.

Símamót um miðjan júlí hvert ár (fimmtudagskvöld-sunnudagseftirmiðdags):

Ca. 3 vikum fyrir mót er mikilvægt að fá fund með framkvæmdarstjóra, fulltrúa BUR og fulltrúa Smárans og ræða fyrirkomulag og samninga sem eru í gildi. Einnig getur verið gott að setjast niður með sjoppunefnd frá árinu áður og fara yfir skipulag.

Á Símamóti eru margar sjoppur á Blikasvæðinu og skipulagið því flóknara. Hægt er að nálgast vaktaskipulag fyrra árs hjá síðasta vaktahópi.

Það er mikilvægt að nefndarmenn átti sig á að viðvera nefndarmanna á Símamóti er mjög mikilvæg til að sjoppangangi sem best. Þetta eru langir dagar og mikilvægt að allir hjálpist að við allar reddingar.

Sjoppur sem um ræðir eru t.d. vallarsjoppa, stórt tjald á bílastæði, lítið tjald við endann á Fífunni/Fífuvöllum, sjoppa inni í tengibyggingu, hamborgarasjoppa fyrir utan inngang á Kópavogsvöllinn. Sniðugt er að pakka og afgreiða hamborgara úr miðasöluskúrnum og vera með kæli þar inni.

Gott er að nýta síðustu vakt dagsins til að skipuleggja morgundaginn og tína sama vörur fyrir hverja sjoppu fyrir sig. Það gafst vel að fá lánaðar djúpar innkaupakörfur hjá Iceland sem hægt er að draga á eftir sér. Mjög mikilvægt er að hafa vaktstjóra úr röðum nefndarmanna á hverri vakt á Símamóti.

Talsvert er um sérpantanir vegna þessa móts eins og fyrir sjoppu á kvöldvöku, vöffur, samlokur, pylsur og kakó. Að öllu þessu þarf að huga í tíma.

Hér neðar í skjalinu er listi yfir ýmsa verk sem tilheyrir sjoppunefnd á Símamóti fyrir utan sjoppuvinnu.

17. júní:

Hér er um að ræða eitt tjald á Rútstúni sem sækja þarf um leyfi til Kópavogsbæjar **ekki seinna en í maí** (hafa samband við skrifstofu Breiðabliks). Mikilvægt að gera það tímanlega þar sem dregið er úr umsóknum og ekki sjálfgefið að Breiðablik fái sölutjald. Einnig þarf að sækja um heilbrigðisvottorð í byrjun júní til Heilbrigðisnefndar Kópavogs og Hafnarfjarðar (mögulega getur skrifstofa Breiðabliks aðstoðað hér). Greiða þarf leigu fyrir sölutjaldið.

Kópavogsbær er með næturvakt á svæðinu og því hægt að koma kvöldinu áður og stilla upp sjoppunni og koma með birgðir.

- Mismunandi er hversu margir eru á hverri vakt – fer eftir hvenær dagsins vaktir eru, flestir eru á miðjum deginum þegar álagið er mest.
- Hægt er að nálgast vaktaskipulag fyrra árs hjá síðasta vaktahópi .
- Tillaga að vöruframboði, sem selst vel:
 - Pylsur og/eða hamborgara.
 - Almennar vörur úr vallarsjoppu.
 - Kaffi - Gott að hafa 3 L könnur í stað pumpukanna.
 - Candyfloss
 - Snuð og aðrar týpískar vörur fyrir 17.júní – passa þarf upp á að panta ekki of mikið og hverju sé hægt að skila.

Þættir sem þarf líka að huga að eru:

- Fá upplýsingar um hver sjái um uppsetningu á tjaldinu (Kópavogsbær).
- Merking á tjöldunum – best að nota fána frá Breiðablik þar sem ekki má festa neitt við tjöldin sem geta skemmt þau.
- Ekki má nota suðupott en grill eru leyfileg.

- Lítið pláss er fyrir birgðir og því mikilvægt að skipuleggja sig vel.
- Skiptimynt.
- Gott að flytja kæla úr vallarsjoppu á staðinn.

Skipulag sjoppa:

Vallarsjoppa og Síamamótssjoppa eru aðskildar sjoppur þ.e. þær eru gerðar upp í sitthvoru lagi og punktar á vöktum í þessum sjoppum því misverðmætir. Einnig er sjoppa á 5.flokks móti í janúar gerð upp sér. Passa þarf sérstaklega uppá aðgreiningu á þessum liðum þ.e. að fram fari birgðatalning fyrir og eftir Síamamót. Einnig þarf að passa að reikningar vegna innkaupa fyrir Síamamót séu aðskildir.

17. júní sjoppa hefur hingað til fallið undir Vallarsjoppuna og hefur því oftast verið inni í því uppgjöri. Þessu má þó breyta ef fólki sýnist svo, en hafa ber í huga að það er talsverð vinna að gera svona viðburð upp sérstaklega.

Uppgjör vallarsjoppu/Síamamóts/Janúarmóts:

Uppgjör er unnið í samvinnu við bókhald Breiðabliks.

Knattspyrnudeild Breiðabliks fær hlutdeild í hagnaði hvers árs, sbr. hér að ofan þar sem deildin leggur til bókhaldsvinnu vegna reikninga sjoppunnar, móttöku á vörum, húsnæði, posa og aðstöðu svo eitthvað sé nefnt. Sjoppunefnd fundar með framkvæmdarstjóra eða fjármálastjóra vegna hlutdeildar í hagnaði.

Skrifstofa Breiðabliks þarf að gefa leyfi fyrir að uppgjör sé tilkynnt til foreldra.

Taka þarf tillit til kostnaðar vegna sorphirðu, og annarra liða sem rukkaðir eru á aðrar kennitölur Breiðabliks og falla á vallarsjoppu í lok uppgjörs.

Þegar sjoppa er gerð upp skal senda foreldrum/forráðamönnum allar helstu upplýsingar úr rekstrinum svo sem heildarveltu, hagnað, hlut knattspyrnudeildar og verðmæti hvernar vaktar/punkts. Til að fullkomið gagnsæi ríki um þessa fjáröflun skal í lokin gefa upp fjölda vakta hvers og eins bæði fyrir vallarsjoppuna og Síamamótið.

Reglurnar á ári hverju verða að taka mið af því að ekki sé hægt að fá meira út úr þessum rekstri þ.e. Vallarsjoppu og Síamamóti en sem nemur andvirði þess sem verið er að safna fyrir. Ferðirnar undanfarin ár hafa kostað 250-300 þús. og er þá hægt að miða við þá tölu í annað hvort hámarki punktafjölda (vakta sem viðkomandi tekur) eða fjárhæð. Undanskildar frá þessari reglu eru aðrar fjáraflanir s.s. 17. Júní eða aðrar fjáraflanir.

Viðskipti milli deilda innan Breiðabliks

Á hverju tímabili má reikna með að knattspyrnudeild kaupi vörur af Vallarsjoppu á hverjum leikdegi.

Oftast er um að ræða hamborgara fyrir starfsmenn Breiðabliks á leikjum eftir því sem þurfa þykir.

Verðlagning í millideildasölu hamborgara skal miðast við kostnaðarverð án vinnuliðar auk 30% álagningu. Um aðrar vörur í vallarsjoppu skal miða við kostnaðarverð.

Sendu skal uppfært yfirlit á tveggja mánaðafresti til fjármálastjóra Breiðabliks og deildarstjóra meistaraflokka sem sýnir undangengin millideildaviðskipti.

Ýmis eyðublöð:

Hér á næstu síðum má finna tillögur að eyðublöðum sem hafa nýst vel í sjoppuvinnu. Einnig eru hér skjöl sem innihalda ýmsar gagnlegar upplýsingar.

- Verkefni sjoppunefndar/vakta á Síamóti fyrir utan sjoppuvinnu.
- Uppgjörsblað fyrir hvern leik.
- Leiðbeiningar um hlutverk í vallarsjoppu.
- Tékklisti vegna vaktar.

Verkefni sjoppunefndar/vakta á Síamóti

- Halda umhverfinu snyrtilegu í kringum Sölutjöld
- Tæma ruslafötur í Smára, Fífu og á mótssvæði (jafnt og þétt yfir daginn)
- rusl í Fífundi í lok dags
- Ganga frá í tengibyggingu og eldhúsi á 2.hæð
- Þrif á stúku/bekkjum í íþróttahúsinu í Smáranum í lok dags eftir kvöldvöku þar sem sjoppan er með veitingasölu
- Þurrka af borðum, sópa og taka rusl innan- og utandyra á svæðum sem tilheyra sjopp
- Allar upplýsingar um hvað selst vel er hægt að sækja til vaktar fyrri ára.
- Trilla þarf kælum úr hvíta tjaldi inn í Fífu í lok dags
- Birgðastöð/lager í vallarsjoppu
- Útbúa plan fyrir dagana þ.e. að ljóst sé hver nefndarmanna sé á vaktinni á hverjum degi varðandi innkaup/fjármál/vaktaskipulag – upplýsingar fyrir vaktstjóra
- Nota stál-skóhillurnar í Fífu/Smára í sjoppurnar til að stilla upp nammi
- Fylgjast þarf vel með kælum þ.e. að þeir detti ekki út
- Í vallarsjoppu þarf að fylgjast vel með lager í frysti

Uppgjörsblað:

Leikur	Breiðablik - ÍBV (kvk)		
Dagsetning	6.9.2016		
Ábyrgur			
Skiptimynt í upphafi leiks			
Sala - peningar			Upphæð í kassa minus skiptimynt
Sala - posar	Debetkort	Kreditkort	Samtals
Posi #1 (6915)			
Posi #2 (6915)			
Posi #3 (6915)			
Posi #4 (6915)			
Posi #5 (6915)			
Posi #6			
Posi #7			
Posi #8			
Posi #9			
Posi #10			
Samtals			
Heildarsala leiks			
Skiptimynt í næsta leik			
Lagt inn á bankareikning 0130-26-016404			Kl. 410284-1389
Aðrar tekjur (sala til blikaklúbbs t.d.)			
<hr/>			
Undirskrift vaktstjóra			
<hr/>			
Undirskrift fulltrúa fjármálahóps			

Leiðbeiningar um hlutverk í vallarsjoppu

Hlutverk sjoppuvaktstjóra

Hagnýtar upplýsingar

Símanúmer hjá vaktmanni í stúku er 860 6407 - hringja ef eitthvað kemur upp á t.d. rafmagnsleysi, leki eða eitthvað þess háttar.

Ef bláa pappatunnan er full, þá verðum við að hringja í afgreiðslu Breiðabliks sími 591 1100. Þau láta sjá um að tæma tunnuna.

Lykill að grænu stóru ruslafötunum hangir á veggnum þar sem gengið er inn í sjoppuna.

Fulltrúi fjármálahóps (yfirleitt eru þeir tveir á hverjum leik) mætir fyrir hvern leik með lykil að sjoppunni, posa og skiptimynt. Fjármálahópur gengur líka frá uppgjöri í lok leiks og sér um að læsa sjoppu.

Hlutverk vaktstjóra:

- Athuga hvort skiptimynt sé til staðar (fjármálahópur mætir með þetta fyrir hvern leik). Ef skiptimynt klárast, er hægt að fá meira í miðasölunni, þ.e. skipta á seðlum og skiptimynt.
- Skrá mætingu hjá öllum mjög mikilvægt láta foreldra kvitta.
- Setja posana í gang bæði fyrir sjoppu og miðasölu. Símanúmer, ef vesen með sjoppuposa, er 525 2100 (bakvakt Valitors).
- Fara þarf yfir með krökkunum hvert sé hlutverk þeirra og hvernig þau eiga að hegða sér. Það má ekki afgreiða sig sjálfur, við erum kurteis og bjóðum góðan daginn, erum ekki með læti og tökum öll þátt í tiltektinni eftir leik.
- Yfirleitt er bara ein sjoppa opin, en ef áhorfendafjöldi fer yfir 1500 þarf að skoða hvort opna beri aðra sjoppu í norðurenda stúkunnar og um að gera að labba með bakka um stúkuna og selja vörur á meðan á leik stendur.
- Kveikja á hitakassa fyrir hamborgarana.
- Kveikja á kaffivél.
- Koma grillum út og kveikja upp. Stilla upp borðum fyrir grillin.
- Passa að allir (foreldrar og börn) séu í blikavestum hanga inn í sjoppunni.
- Mikilvægt að það séu alltaf a.m.k. 2 fullorðnir í sjoppunni og nauðsynlegt að einn fullorðinn passi upp á peningakassann.
- Úthluta foreldrum og krökkum verkefni, bæði byrjun og í lokin:
 - Umsjón með fánum við Kópavogsvöll eftir fyrirmælum skrifstofu. Niðurtekt alla daga en flagga bara um helgar.
 - Úthluta 4 fullorðna á sjúkrabörunar í leiknum. Mæting í kjallara um leið og leikur hefst þannig að hægt er að sinna afgreiðslustörfum fram að leik og í hálfleik.
 - Miðasala (2-3 fullorðnir) og vallarhlíð (2-4 fullorðnir), leiðbeiningar varðandi miðasölu eru í miðasöluskúr og hjá knattspyrnudeild. **Selt er inn þangað til á 75. mínútu.**
 - Hver sér um kaffið og það sem tilheyrir því
 - Hver sér um að passa að alltaf sé nóg af köldum drykkjum í kæli
 - Hverjir sjá um að grilla og græja hamborgara (3-4 fullorðnir)
 - Hver sér um að vera hlaupari milli sjoppa (ef tvær í gangi) og jafnvel sækja kaffi inn í Smára
 - Hver sér um að grilla samlokur (þegar þær eru í boði)
 - Hver sér um að koma ruslafötum á sinn stað
 - Hverjir þrifa stúkuna í lokin (kústar inn í sjoppu)
 - Hverjir sjá um að safna flöskum og dósnum í lokin
 - Hverjir sjá um að fara með ruslapoka í gáminn
 - Hverjir sjá um að þrifa gasgrillin í lokin og kanna stöðuna á gasinu

- Sjá til þess að vallarhlið séu opnuð áður en leik lýkur til að ekki myndist mikil biðröð og troðningur
- Skrá niður hvort það vanti einhverjar vörur í lokin og senda upplýsingar um það til innkaupanevndar.
- Passa upp á að það sé búið að ganga frá öllu á sinn stað í lokin og allt sé hreint og snyrtilegt.
- Fulltrúi í fjármálahópi kemur og gerir upp posa og telur pening í lokin vaktstjóri kvittar upp á.
- Skila miðasölu kassa til knattspyrnudeildar (Eysteinn/Sigurður) eftir leik er best að koma með miðasölu kassann inn í sjoppu fulltrúi knattspyrnudeildar kemur þangað og sækir kassann.
- Setja afgangsborgara og brauð í frystikistuna og samlokur líka.
- Skila af sér mætingaskjali til vaktahóps.

Grillaðir hamburgarar:

- Tveir fullorðnir á grilli og a.m.k. tveir í frágangi og pökkun. Áður en byrjað er þarf að:
 - Fara yfir grillin og kanna hvort nóg gas sé á kútum.
 - Skera niður grænmeti í eldhúsi í stúku.
 - Passa að grilla ekki of marga hamburgara yfirleitt fer meira fyrir leik en í hálfleik, trixið er að lesa í eftirspurnina og þann fjölda sem er á leiknum. Skiptir máli hvort kvöldleikur eða eftirmiðdagsleikir.
 - Ef mikið af hamburgurum er í hitakassa, er mikilvægt að passa vel upp á að snúa þeim reglulega þar sem þeir eiga það til að brenna ef þeir liggja of lengi í hitakassanum.
 - Ef hamburgarar eru enn til í lok leiks, þá er um að gera að lækka verðið á þeim til að koma þeim út, t.d. niður í 500kr.
 - Kíkja í frysti ef birgðir eru að klárast og athuga hvort einhver lager sé þar sem hægt er að nota.

Tékklísti vegna vaktar

Tékklísti vallarsjoppu 2016			
Leikur	Breiðablik - Rosengard UEFA		
Dagsetning	05.10.2016 15:30		
Vaktstjóri	Andrea/Inga/Jón		
Vaktahópur:			
Nafn barns#1			
Nafn barns#2			
Nafn barns#3			
Nafn barns#4			
Nafn barns#5			
Nafn barns#6			
Nafn barns#7			
Nafn barns#8			

Fyrir leik:	Á meðan leik stendur:
Lykill að sjoppu	Sjoppa
Ná í tuskur	Grilla
Kveikja á hitakassa	Miðasala
Setja grill í gang	Hlið
Setja posa í gang	Hella upp á kaffi
Skrá mætingu hjá öllum	Halda umhverfinu snyrtilegu
Skiptimynt	Athuga með ruslapoka
Ruslafötur á sinn stað	
Pokar undir flöskur og dósir	
Setja fólk í hliðin	
Hella upp á kaffi	
Setja alla í Blikavesti	
Sækja miðasölukassa	
Setja miðasölu í gang	
Hengja verðlista upp	

Eftir leik:	Aðrir leikir:
Opna hliðin (80 mínúta)	Miðasala 2 fullorðnir + 1 barn
Uppgjör posa (6915)	Vallarhlið 2 fullorðnir + 2 börn
Uppgjör peninga	Grill og pökkun 2 + 1 fullorðnir
Safna dósnum og flöskum	Sjoppa 2 fullorðnir + börn
Sækja kústa til vaktmanns	Kaffiuppáhelling 1 fullorðinn
Þrifa/sópa stúkuna	
Skila miðasölukassa	
Athuga hvort pantar þurfi meira	
Henda rusli í gáma	
Skila mætingalista	
Þrifa og skila gastro bökkum	

<p>Stórir leikir: Miðasala 3 fullorðnir + 1 barn Vallarhlið 3 fullorðnir + 3 börn Grill og pökkun 2 + 2 fullorðnir Sjoppa 3-5 fullorðnir + börn Kaffiuppáhelling 1 fullorðinn</p>	<p>Aðrir leikir: Miðasala 2 fullorðnir + 1 barn Vallarhlið 2 fullorðnir + 2 börn Grill og pökkun 2 + 1 fullorðnir Sjoppa 2 fullorðnir + börn Kaffiuppáhelling 1 fullorðinn</p>
---	--